

REGLUR

um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

1. Markmið reglnanna er að samræma öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Sérstaklega er fjallað um ábyrgð þar sem fleiri en einn verktaki er að störfum.

2. Reglur þessar gilda um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir eins og skilgreint er í a-lið 2. gr. og lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um.

3. Reglurnar gilda ekki um öryggisráðstafanir við jarðefnanám og öryggisráðstafanir við jarðefnanám með borunum, samanber sérstakar reglur þar um.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglum þessum merkir:

- a. *byggingarvinnustaður eða byggingarsvæði*: staður þar sem byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerð fer fram; skrá sem er ekki tæmandi yfir slíkar framkvæmdir er að finna í I. viðauka;
- b. *verk*: mannvirkjagerð eða byggingarstarfsemi, hverrar tegundar sem er, sem unnið er á byggingarvinnustað;
- c. *verkkaupi*: einstaklingur eða lögaðili sem lætur vinna verk;
- d. *verktaki*: hver sá sem með verksamningi tekur að sér að vinna verk;
- e. *verkefnastjóri (byggingarstjóri)*: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á skipulagi, framkvæmd eða eftirliti með verki, og starfar í þágu verkkaupa;
- f. *atvinnurekandi*: sá sem rekur atvinnustarfsemi hvort sem hann hefur einn eða fleiri starfsmenn í vinnu, eða er sjálfstætt starfandi einstaklingur;
- g. *samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðisráðstafana á undirbúningsstigi verks*: einstaklingur eða lögaðili sem falið er, meðan undirbúningur verkhönnunar stendur yfir, að hafa umsjón með því að skyldurnar sem um getur í 5. gr. séu ræktar;
- h. *samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðisráðstafana á framkvæmdastigi verks*: einstaklingur eða lögaðili sem falið er, meðan framkvæmd stendur yfir, að hafa umsjón með því að skyldurnar sem um getur í 6. gr. séu ræktar.

II. KAFLI Skyldur aðila.

3. gr.

Skipun samræmingaraðila – Öryggis- og heilbrigðisáætlun – Tilkynning.

1. Verkkaupa ber að skipa samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana, eins og skilgreint er í g- og h-lið 2. gr. til starfa á byggingarsvæði þar sem fleiri en einn atvinnurekandi eða verktaki er að störfum.

2. Verkkaupa ber áður en byggingarsvæði er skipulagt, að sjá um að gerð sé öryggis- og heilbrigðisáætlun í samræmi við b-lið 5. gr., ef:

- a. tveir eða fleiri atvinnurekendur eða verktakar starfa samtímis á sama byggingarvinnustað og starfsmenn eru fleiri en 10,
- b. vinna er hættuleg samanber II. viðauka.

3. Verkkaupi, eða aðili sem hann hefur falið umsjón byggingafrankvæmda t.d. verktaki eða verkefnastjóri, skal senda tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins áður en vinna hefst sem er í samræmi við III. viðauka ef:

- a. um er að ræða byggingarvinnustað þar sem ráðgert er að vinna standi lengur en 30 vinnudaga og þar sem fleiri en 20 starfsmenn eru í vinnu samtímis, eða
- b. um er að ræða byggingarvinnustað þar sem ráðgert er að vinnan sé meira en 500 dagsverk.

Tilkynningin skal sett upp á áberandi stað á byggingarsvæðinu.

4. Verkkaupi getur falið verkefnastjóra eða verktaka að gegna skyldum þeim sem um getur í 3. gr. 1., 2. og 3. mgr. Slíkt samkomulag skal gert skriflega áður en framkvæmdir hefjast.

4. gr.

Undirbúningsstig verks – Almennar reglur.

Verkkaupi, skal á hönnunar- og undirbúningsstigi verks gera ráðstafanir sem tryggja að við framkvæmd verksins verði unnt að gæta fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Verkkaupi getur falið verkefnastjóra eða verktaka þetta hlutverk.

5. gr.

Undirbúningsstig verks – Skyldur samræmingaraðila.

Á undirbúningsstigi verks skal samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðisráðstafana, sbr. 1. mgr. 3. gr.:

- a. samræma framkvæmd ákvæða 4. gr.;
- b. vinna að eða sjá til þess að gerð verði öryggis- og heilbrigðisáætlun þar sem settar eru fram reglur er gilda á byggingarvinnustaðnum sem í hlut á. Í þessari áætlun skal mælt fyrir um sérstakar ráðstafanir um vinnu sem fellur undir einn eða fleiri flokka sem tilgreindir eru í II. viðauka;

c. vinna að gerð skýrslu þar sem fram koma upplýsingar sem máli skipta um öryggi og heilbrigði sem hafa ber í huga í tengslum við verk sem kunna að verða unnin síðar.

6. gr.

Framkvæmdastig verks – Skyldur samræmingaraðila.

Á framkvæmdarstigi verks skal samræmingaraðili öryggis- og heilbrigðisráðstafana, sbr. 1. mgr. 3. gr.:

- a. samræma framkvæmd forvarna og öryggisráðstafana við skipulagningu og tímasetningu hinna ýmsu verkþátta sem eiga að fara fram samtímis eða hver á eftir öðrum;
- b. samræma aðgerðir til að tryggja öryggi allra sem vinna að framkvæmd verks á byggingarvinnustað, beita þeim reglum sem um getur í 8. gr. og ef við á, fylgja öryggis- og heilbrigðisáætluninni sem um getur í b-lið 5. gr.;
- c. framkvæma, eða sjá til þess að framkvæmdar verði nauðsynlegar breytingar á öryggis- og heilbrigðisáætluninni sem um getur í b-lið 5. gr. og skýrslunni sem um getur í c-lið 5. gr.;
- d. miðla upplýsingum og skipuleggja samstarf milli atvinnurekenda, hvort sem þeir vinna samtímis eða hver á eftir öðrum á byggingarvinnustað;
- e. samhæfa aðgerðir til að tryggja að réttum vinnuaðferðum sé beitt með tilliti til öryggis og heilsuverndar;
- f. gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðeins þeir sem þangað eiga erindi fái aðgang að byggingarsvæðinu.

7. gr.

Ábyrgð verkkaupa, verkefnastjóra og atvinnurekenda/verktaka.

1. Þótt verkkaupi, verkefnastjóri eða verktaki hafi skipað samræmingaraðila til að rækja þær skyldur sem um getur í 5. eða 6. gr. leysir það þá ekki undan ábyrgð þeirra.
2. Beiting 5. og 6. gr. og 1. mgr. þessarar greinar hefur ekki áhrif á ábyrgð atvinnurekenda, samanber lög nr. 46/1980.

8. gr.

Skyldur atvinnurekenda/verktaka.

1. Til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna á byggingarvinnustaðnum skulu atvinnurekendur/verktakar gera ráðstafanir sem samræmast kröfunum sem settar eru fram í IV. viðauka og hafa hliðsjón af leiðbeiningum samræmingaraðila.
2. Atvinnurekendur/verktakar sem taka sjálfir þátt í vinnunni á byggingarvinnustað skulu hlíta reglum um öryggi og heilsuvernd.
3. Við framkvæmd verks skal atvinnurekandi/verktaki sjá til þess að skipulag á byggingarvinnustað sé fullnægjandi, einkum að því er varðar:

- a. reglufestu og hreinlæti;
- b. staðsetningu starfsstöðva með tilliti til aðgengis og ákvörðun leiða og svæða fyrir umferð tækja og búnaðar;
- c. meðferð hinna ýmsu efna;
- d. eftirlit og viðhald, áður en búnaður og tæki eru tekin í notkun og reglulegt eftirlit meðan þau eru í notkun;
- e. afmörkun og skipulagningu svæða til að geyma ýmis efni, einkum ef hættuleg efni eiga í hlut;
- f. brottflutning hættulegra efna;
- g. geymslu, förgun eða brottflutning úrgangs og braks;
- h. framvindu verksins með hliðsjón af framgangi einstakra verkþátta;
- i. samstarf milli verktaka;
- j. samskipti við fyrirtæki og einstaklinga innan byggingarsvæðis eða í nágrenni þess.

4. Að öðru leyti vísast til V. viðauka.

9. gr.

Upplýsingar fyrir starfsmenn.

Starfsmenn eða fulltrúar þeirra skulu upplýstir á skilmerkilegan hátt um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir á byggingarvinnustað.

10. gr.

Samráð og þátttaka starfsmanna.

Atvinnurekendur/verktakar skulu hafa samráð við starfsmenn eða fulltrúa þeirra um ráðstafanir er stuðla að bættu öryggi og heilsu þeirra á vinnustað, samanber ákvæði laga nr. 46/1980 og gildandi reglur um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja.

11. gr.

Skriflegt samkomulag milli verkkaupa og verktaka.

Við gerð verksamninga skal verkkaupi, verkefnastjóri og verktaki gera með sér skriflegt samkomulag um hvernig þessum reglum verði framfylgt. Sérstaklega varðandi skipun samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana, gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar, tilkynningar til Vinnueftirlitsins og fleiri atriði sem nauðsynlegt er að gengið sé frá áður en framkvæmdir hefjast.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Áfrýjun úrskurða.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggja á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

IV. KAFLI
Refsiákvæði.

13. gr.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

V. KAFLI
Gildistaka.

14. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun 92/57/EBE í viðbæti við XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Reglurnar staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1997. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 204/1972 um öryggisráðstafanir við byggingarvinnu, nema III. kafli grein 22 til og með 40. grein, sem fjallar um verkpalla smíðaða úr timbri.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. september 1996.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Gylfi Kristinsson.

I. VIÐAUKI

SKRÁ SEM ER EKKI TÆMANDI YFIR BYGGINGARFRAMKVÆMDIR OG MANNVIRKJAGERÐ SEM UM GETUR Í A-LIÐ 2. GR. ÞESSARA REGLNA.

1. Uppgröftur
2. Jarðvinna
3. Byggingarvinna
4. Samsetning og sundurtaka
forsmíðaðra eininga
5. Breyting eða uppsetning búnaðar
6. Breytingar
7. Standsetning
8. Viðgerðir
9. Sundurtaka
10. Niðurrif
11. Viðhald
12. Viðhald – málun og hreinsun
13. Vinna við lagnir

II. VIÐAUKI

SKRÁ SEM ER EKKI TÆMANDI YFIR VERK SEM HAFI Í FÖR MEÐ SÉR HÆTTUR FYRIR STARFSMENN OG SNERTA ÖRYGGI OG HEILBRIGÐI EINS OG UM GETUR Í ANNARRI UNDIRGREIN 2. MGR. 3. GR. ÞESSARA REGLNA.

1. Vinna sem stofnar starfsmönnum í bráða hættu á að verða fyrir skriðuföllum, fallandi hlutum eða hlutum sem falla úr mikilli hæð vegna eðlis starfseminnar eða þeirra vinnuaðferða sem beitt er eða vegna umhverfisaðstæðna á vinnusvæðinu.
2. Vinna sem stofnar starfsmönnum í hættu vegna efna- eða líffræðilegra áhrifavalda og er starfsmönnum sérstaklega hættuleg með tilliti til öryggis- og heilsu eða felur í sér lagaskyldu um eftirlit.
3. Vinna þar sem starfsmenn geta orðið fyrir jónandi geislun og krafist er að fari fram á sérstökum svæðum sem eru undir eftirliti.
4. Vinna nálægt háspennulínunum.
5. Vinna sem felur í sér hættu á drukknun.
6. Brunnvinna, neðanjarðarvinna og jarðgangavinna.
7. Neðansjávarvinna kafara með eigin loftbirgðir.
8. Vinna í þrýstiklefum.
9. Vinna með sprengiefni.
10. Vinna við samsetningu og sundurtöku þungra, forsmíðaðra hluta.

III. VIÐAUKI

EFNI TILKYNNINGAR SAMKVÆMT 3. MGR. 3. GR. FYRSTA UNDIRLIÐAR.

1. Sendingardagur:.....
2. Nákvæm staðsetning byggingarsvæðisins:
.....
3. Nafn (eða nöfn) verkkaupa og pósthfang (-föng):
.....
4. Tegund verks:.....
5. Verkefnastjóri (byggingarstjóri) verks, nafn og pósthfang:.....
.....
6. Nafn og heimilisfang samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála á undirbúningsstigi verks:
.....
7. Nafn og heimilisfang samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðismála á framkvæmdastigi verks:
.....
8. Fyrirhugaður upphafsdagur verks á byggingarsvæði:.....
9. Fyrirhugaður verktími á byggingarsvæði:.....
10. Áætlaður hámarksfjöldi starfsmanna á byggingarsvæði:.....
11. Fyrirhugaður fjöldi verktaka á byggingarsvæði:.....
.....
12. Upplýsingar um verktaka sem þegar hafa verið valdir:.....
.....
.....
.....

IV. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR UM ÖRYGGI OG HEILSUVERND FYRIR BYGGINGARSVÆÐI.

A. HLUTI.

Almennar lágmarkskröfur sem gilda um vinnustaði á byggingarsvæði.

1. Umgengni á byggingarstað.

- 1.1. Á byggingarsvæðum ber að tryggja góða umgengni, t.d. á verkpöllum, gólfum bygginga og annars staðar þar sem umferð er. Ekki má safna eða hlaða efni þannig á byggingarsvæði, að það geti orsakað hættu eða tálmað nauðsynlegri umferð. Plankar, borðviður og þess háttar efni með útistandandi nöglum má ekki að nauðsynjalausu liggja á verkpöllum, vinnusvæðum eða þar sem það getur skapað hættu.
- 1.2. Við ófullgerð hús eða önnur mannvirki, skal þannig frá gengið, að sem minnst hætta geti stafað af fyrir óviðkomandi. Dyra- og gluggaopum á neðstu hæð og kjallara hálfbyggðra húsa skal lokað svo fljótt sem verða má.
- 1.3. Gryfju- eða skurðbakkar mega ekki vera brattari en svo, að ekki sé hætta á hruni úr þeim og skal þá tekið tillit til jarðvegs og veðurfars svo sem frosta, þíðu eða úrkomu. Skurðir, sem eru 1,7 m að dýpt eða meira og verða að vera með lóðréttum veggjum, sem hætta getur stafað af, skulu klæddir með nægjanlega traustu efni eða með öðrum jafngóðum frágangi, sem getur fyrirbyggt að úr veggjunum hrynji.
- 1.4. Þess skal gætt að vatn safnist ekki í grunna, skurði eða gryfjur og skulu gerðar sérstakar ráðstafanir til að hindra aðgang óviðkomandi að slíkum hættusvæðum svo sem frekast er unnt. Þegar einstakir hættustaðir á vinnusvæði svo sem gryfjur, skurðir eða jarðvegsbingir verða ekki afgirtir á tryggilegan hátt, skal girða allt svæðið af með búkkum og greinilegum snúrum (flaggsnúrum) milli búkkanna eða annarra festistaða. Þá skal og komið upp greinilega merktum skiltum sem á er letrað með stórum upphafsstöfum: **HÆTTA UMFERÐ BÖNNUÐ ÓVIÐKOMANDI**. Skiltin og svæðið skulu vera vel upplýst á lögskipuðum ljósátíma, svo glögggt megi sjá svæði það, sem hættulegt gæti talist.
- 1.5. Sérstök gæsla skal höfð á vinnustað meðan óvenjulegt hættuástand ríkir þar þrátt fyrir aðrar tiltækar varnaðarráðstafanir.

2. Stöðugleiki og traustleiki.

- 2.1. Efni, búnaður og almennt hvers kyns hlutir á hreyfingu er geta haft áhrif á öryggi og heilbrigði starfsmanna skulu vera þannig úr garði gerðir að stöðugleiki þeirra sé tryggur.

3. Orkuveitumannvirki.

- 3.1. Mannvirkin skulu hönnuð, byggð og notuð þannig að ekki skapist eld- eða sprengihætta; fólk skal vera nægilega verndað gegn hættu á raflosti af völdum beinnar eða óbeinnar snertingar.
- 3.2. Við hönnun, byggingu og val á tækjum og varnarbúnaði skal taka mið af tegund og styrk þeirrar orku sem dreift er, utanaðkomandi aðstæðum og hæfi þeirra einstaklinga sem hafa aðgang að hlutum mannvirkjanna.

4. Undankomuleiðir og neyðarútgangar.

- 4.1. Undankomuleiðir og neyðarútgangar, svo og aðkomuleiðir og dyr að þeim skulu ávallt vera greiðar þannig að þær megi hindrunarlaust nota hvenær sem er. Þeim skal haldið ótepptum og skal leiðin liggja sem beinast á öruggan stað.
- 4.2. Öllum starfsmönnum skal vera kleift að yfirgefa vinnustað sinn í skyndi og á sem öruggastan hátt ef hætta kemur upp.
- 4.3. Fjöldi undankomuleiða og neyðarútganga, staðsetning þeirra og stærð skal miðast við stærð vinnustaðar, og þann mannfjölda sem þar getur mestur orðið.
- 4.4. Auðkenna skal sérstakar undankomuleiðir og neyðarútganga með skiltum í samræmi við gildandi reglur. Skiltunum skal komið fyrir á viðeigandi stöðum.
- 4.5. Þar sem lýsingar er þörf í neyðarútgöngum og á undankomuleiðum skal vera fullnægjandi neyðarlýsing ef strauulaust verður.

5. Eldvarnir og slökkvistarf.

- 5.1. Á vinnustöðum skal séð fyrir viðeigandi slökkvibúnaði og þeim reykskynjunar- og viðvörunartækjum sem þörf kann að vera á.
- 5.2. Þessi slökkvibúnaður, reykskynjarar og viðvörunartæki skulu gangast undir reglulegt eftirliti og viðhald.
- 5.3. Ósjálfvirkur slökkvibúnaður skal vera innanhandar og einfaldur í notkun.
- 5.4. Búnaðurinn skal auðkenndur með skiltum í samræmi við gildandi reglur. Skiltunum skal komið fyrir á viðeigandi stöðum.

6. Loftræsting.

- 6.1. Gera skal ráðstafanir til að tryggja, með hliðsjón af vinnuaðferðum og líkamlegri áreynslu starfsmanna, að nægilegt ferskt loft sé á vinnustöðum innandyra.
- 6.2. Ef útblástursviftur eru notaðar til loftræstingar skal þeim haldið í lagi og ber að sjá til þess að þær valdi starfsmönnum ekki heilsutjóni með dragsúgi.
- 6.3. Nota skal búnað sem veitir viðvörun um allar bilanir ef þess er þörf með tilliti til heilsu starfsmanna.

7. Bráðahætta.

- 7.1. Starfsmenn mega ekki verða fyrir skaðlegri hávaðamengun né skaðlegum utanaðkomandi áhrifum (t.d. af völdum lofttegunda, gufu eða ryks).
- 7.2. Þurfi starfsmenn að fara inn á svæði þar sem hætta er á að andrúmsloft sé eitrað eða hafi að geyma skaðleg efni, súrefni sé ónógt eða það sé eldfimt, skal haft náið eftirlit með andrúmslofti á svæðinu og viðeigandi ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir hugsanlega hættu. Starfsmaður má ekki undir neinum kringumstæðum komast í snertingu við andrúmsloft í lokuðu rými sem mikil hætta stafar af. Fylgst skal með honum öllum stundum utan frá og gera skal allar viðeigandi varúðarráðstafanir til að tryggja að hægt sé að aðstoða hann fljótt og vel. Við slíkar aðstæður skal fara eftir gildandi reglum um öryggisráðstafanir við vinnu í lokuðu rými.
- 7.3. Ætandi efni, svo sem sýrur og þess háttar efni skulu geymd á öruggum lokuðum stað, þar sem óviðkomandi ná ekki til þeirra. Farga skal tafarlaust köðlum og línun, sem hafa komist í snertingu við sýru eða ætandi vökva eða hafa skemmst á annan hátt.
- 7.4. Allur rafbúnaður skal vera í samræmi við gildandi reglur um raforkuvirki.

8. Frágangur bendijárna.

- 8.1. Bendijárn sem kunna að standa út úr veggjum eða upp úr gólfum og valdið gætu slysum skulu þannig frá gengin að ekki stafi hætta af hvorki fyrir starfsmenn eða óviðkomandi sem færu inn á byggingarsvæðið. Ef framkvæmdir eru stöðvaðar í einhvern tíma skal gengið úr skugga um að bendijárn skapi ekki hættu fyrir óviðkomandi.

9. Persónuhlífar.

- 9.1. Starfsmenn við byggingarvinnu skulu nota öryggishjálms og öryggisskó með stálhettu og stálplötu í sóla. Starfsmenn skulu nota aðrar persónuhlífar við vinnu sína eftir því sem nauðsynlegt getur talist svo sem: öndunargrímur, heyrnahlífar, hanska, augn- og andlitshlífar, öryggisbelti o.s.frv. Slíkar persónuhlífar leggur atvinnurekandi til. Þegar slíkra persónuhlífa er krafist eru starfsmenn skyldir að nota þær. Um notkun og gerð persónuhlífa skal fara eftir gildandi reglum.
- 9.2. Þegar vinna utanhúss, svo sem málningarvinna, blikksmiðavinna, gluggahreinsun o.þ.h. vinna er framkvæmd úr gluggum eða starfsmenn standa á sillum eða stöllum utan á húsinu skulu þeir hafa öryggisbelti, ef vinnuaðstæður krefjast þess. Sömu ráðstafanir skal gera við vinnu inni í húsinu, ef hætta getur verið á falli.

10. Hiti.

- 10.1. Í vinnurými skal hitastig vera hæfilegt með hliðsjón af vinnuaðferðum sem beitt er og líkamlegu álagi á starfsmenn eftir því sem aðstæður leyfa.

11. Dagsbirta og lýsing á verkstöðvum, í húsakynnum og á umferðarleiðum á byggingarsvæðinu.

- 11.1. Næg og hentug lýsing skal vera á öllum vinnusvæðum og gönguleiðum í samræmi við birtutöflur Vinnueftirlitsins.
- 11.2. Haga skal niðurröðun verkstöðva, húsakynna og umferðarleiða þannig að dagsbirtu njóti sem best og höfð sé hentug og nægileg lýsing á nóttunni og þegar dagsbirta er ónóg. Litur lýsingar sem notuð er má ekki breyta eða hafa áhrif á skynjun manna á skilaboðum merkja og skilta.
- 11.3. Búnaði til lýsingar í húsakynnum á vinnustöðum og umferðarleiðum skal komið þannig fyrir að hann valdi starfsmönnum engri slyshættu.
- 11.4. Í húsakynnum, á verkstöðvum og umferðarleiðum þar sem starfsmönnum er sérstök hætta búin ef rafmagn fer af skal séð fyrir fullnægjandi neyðarlýsingu.

12. Hurðir og hlið.

- 12.1. Á rennihurðum skal vera öryggisbúnaður sem kemur í veg fyrir að þær losni af spori og falli niður.
- 12.2. Lúgur sem opnast upp á við skulu útbúnar þannig að þær geti ekki fallið til baka aftur.
- 12.3. Dyr og hlið á undankomuleiðum skulu merkt á viðeigandi hátt.
- 12.4. Sé ekki örugg leið fyrir fótgangandi um hlið sem aðallega eru ætluð fyrir umferð ökutækja skulu vera dyr fyrir þá. Þær skulu vera greinilega merktar og umgangur um þær ávallt óhindraður.
- 12.5. Dyr og hlið sem opnast og lokast vélrænt skulu vinna þannig að starfsmönnum stafi ekki hætta af. Á slíkum dyrum og hliðum skal séð fyrir neyðarbúnaði til

stöðvunar sem er auðþekkjanlegur og auðvelt að komast að og ef þau opnast ekki sjálfkrafa er strauðlaust verður skal einnig unnt að opna þau handvirkt.

13. Umferðarleiðir – hættusvæði.

- 13.1. Umferðarleiðir, þar með talið innbyggða eða fasta stiga, hlaðstæði og -palla, skal staðsetja og útbúa þannig að þær megi nota á öruggan hátt og sem tilgangur þeirra segir til um, og þannig að starfsmönnum sem eru við vinnu í grennd við þær stafi ekki hætta af.
- 13.2. Rými á umferðarleiðum fyrir fótgangandi eða flutning á vörum að meðtöldum leiðum þar sem lestun og losun fer fram skal vera í samræmi við fjölda hugsanlegra notenda og þá starfsemi sem stunduð er. Ef flutningatæki eru notuð á umferðarleiðum skal séð til þess að fótgangandi hafi fullnægjandi öryggisrými. Umferðarleiðir skulu greinilega merktar og reglulegt eftirlit og viðhald viðhaft.
- 13.3. Umferðarleiðir fyrir ökutæki skulu vera í hæfilegri fjarlægð frá hurðum, hliðum, leiðum fyrir fótgangandi, göngum og stigum.
- 13.4. Ef hættusvæði eru á vinnustöðum skulu þau þannig frá gengin að komið sé í veg fyrir aðgang óviðkomandi starfsmanna. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að vernda þá starfsmenn sem hafa aðgang að slíkum hættusvæðum. Hættusvæðin skulu greinilega merkt.

14. Hlaðstæði og -pallar.

- 14.1. Hlaðstæði og -pallar skulu henta fyrir varning af þeirri stærð sem flytja skal.
- 14.2. Á hlaðstæðum skal vera að minnsta kosti einn útgangur og góðir stigar eða tröppur upp á þá þar sem það á við.
- 14.3. Hlaðpallar skulu eftir því sem unnt er vera þannig að starfsmenn geti ekki fallið af þeim.

15. Vinnurými á vinnustað.

- 15.1. Í vinnurýmum skal vera nægilegur gólfhlötur hæð og loftrými til að starfsmenn geti stundað vinnu sína að teknu tilliti til alls nauðsynlegs búnaðar eða tækja sem eru á staðnum.

16. Skyndihjálp.

- 16.1. Atvinnurekandi skal tryggja að hægt sé að veita skyndihjálp og að hvenær sem er sé unnt að kalla til starfsmenn sem hafa hlotið þjálfun til að veita hana. Gera skal ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að flytja starfsmenn sem orðið hafa fyrir slysi eða orðið veikir svo hægt sé að veita þeim sjúkraaðhlynningu.
- 16.2. Ef stærð vinnustaðar og tegund starfsemi krefjast þess skal sjá fyrir einni eða fleiri sjúkrastofum til að veita slösuðum skyndihjálp.
- 16.3. Í sjúkrastofunni skulu vera nauðsynleg tæki og annar búnaður til að veita skyndihjálp og skal aðgangur að þeim með sjúkrabörur vera greiður. Þær skulu auðkenndar með skiltum í samræmi við gildandi reglur.
- 16.4. Einnig skal búnaður til að veita slösuðum skyndihjálp vera alls staðar tiltækur þar sem þess er þörf vegna aðstæðna á vinnustað. Sjúkrakassi með nauðsynlegum búnaði skal vera til staðar. Þessi búnaður skal merktur með viðeigandi hætti og vera auðveldlega tiltækur. Gefa skal staðsetningu og símanúmer neyðarþjónustu á staðnum greinilega til kynna með merkingum.

17. Hreinlætisaðstaða.

17.1. Búningsherbergi og fataskápar.

- 17.1.1. Starfsmönnum skulu veitt afnot af viðeigandi búningsherbergjum, sem skulu vera auðveld aðgöngu, nægilega rúmgóð og með sætum.
- 17.1.2. Búningsherbergi skulu vera nægilega stór og útbúin þannig að hver starfsmaður geti, þegar þörf krefur, þurrkað vinnuföt sín í afmörkuðu rými og geymt einkafatnað og aðra muni í læstri hirslu.
- 17.1.3. Ef aðstæður krefjast, svo sem vegna hættulegra efna, raka eða óhreininda, skulu vera sérstakir skápar fyrir vinnuföt og aðrir fyrir einkafatnað starfsmanna.
- 17.1.4. Búningsherbergi karla og kvenna skulu vera aðskilin eða notkun þeirra aðskilin.
- 17.1.5. Ef búningsherbergja er ekki þörf skal hver starfsmaður hafa til umráða stað þar sem hann getur læst inni föt sín og persónulega muni.

17.2. Steypiböð og handlaugar.

- 17.2.1. Ef eðli starfsins eða heilbrigðisaðstæður krefjast þess skal starfsmönnum séð fyrir nægilega mörgum og viðeigandi klefum með fullnægjandi aðstöðu til steypibaða. Baðklefar karla og kvenna skulu vera aðskildir eða notkun þeirra aðskilin.
 - 17.2.2. Baðklefar skulu vera nægilega stórir til að hver starfsmaður geti baðast án truflunar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður. Til baða skal séð fyrir heitu og köldu rennandi vatni.
 - 17.2.3. Ef baðklefa er ekki þörf skal séð fyrir nægilega mörgum og fullnægjandi handlaugum með heitu og köldu vatni í grennd við vinnustað og búningsherbergi. Handlaugar karla og kvenna skulu vera aðskildar eða notkun þeirra aðskilin ef þess er þörf.
 - 17.2.4. Ef skilið er á milli baðklefa eða handlauga og búningsherbergja skal vera greiður gangur þar á milli.
- ### **17.3. Salerni og handlaugar.**
- 17.3.1. Starfsmenn skulu í grennd við vinnustað sinn, hvíldarherbergi, búningsherbergi og baðklefa eða handlaugar hafa aðgang að sérstakri hreinlætisaðstöðu með nægilegum fjölda salernisskála og handlauga. Salerni karla og kvenna skulu vera aðskilin.

18. Hvíldarherbergi eða afþreyingarsvæði.

- 18.1. Ef nauðsynlegt er með tilliti til öryggis eða heilsu starfsmanna svo sem vegna eðlis starfsins, mikils fjölda starfsmanna eða fjarlægðar frá heimili sínu, skal veita þeim afnot af hvíldarherbergi eða afþreyingarsvæði sem greiður aðgangur er að.
- 18.2. Hvíldarherbergi eða afþreyingarsvæði skulu vera nægilega stór og búin nægilega mörgum borðum og sætum með baki fyrir þann fjölda starfsmanna sem um er að ræða.
- 18.3. Ef engin slík aðstaða er fyrir hendi skal sjá fyrir annarri aðstöðu þar sem starfsmenn geta dvalið meðan hlé er á vinnu.
- 18.4. Á föstum afþreyingarsvæðum skal, vera nægilegur fjöldi hreinlætistækja, hvíldarherbergi og dagstofa. Þar skal komið fyrir rúmum, skápum, borðum og sætum með baki fyrir þann fjölda starfsmanna sem um er að ræða og tekið skal tillit til þess, ef við á, ef starfsmenn eru af báðum kynjum.

- 18.5. Í hvíldarherbergjum eða á affþreyingarsvæðum skulu gerðar viðeigandi ráðstafanir til að vernda þá sem ekki reykja fyrir óþægindum af völdum tóbaksreyks, samanber gildandi reglur um tóbaksvarnir á vinnustöðum
- 18.6. Veita skal þunguðum konum og konum með börn á brjósti kost á að leggjast til hvíldar við viðeigandi aðstæður.

19. Fatlaðir starfsmenn.

- 19.1. Þar sem við á skal skipuleggja vinnustaði þannig að tillit sé tekið til fatlaðra starfsmanna. Þetta ákvæði gildir sérstaklega um dyr, ganga, stiga, baðklefa, handlaugar, salerni og vinnustaði þar sem fatlaðir starfsmenn vinna eða dvelja.

20. Ýmis ákvæði.

- 20.1. Við innganga að byggingarsvæði og umhverfis það skal komið fyrir skiltum og merkjum sem eru greinileg og vel skiljanleg.
- 20.2. Starfsmenn skulu hafa aðgang að nægilegu drykkjarvatni á svæðinu bæði á íverustöðum og í grennd við vinnusvæðið.
- 20.3. Starfsmenn skulu hafa kaffi- og mataraðstöðu þar sem þeir geta snætt og undirbúið málsverði sína við fullnægjandi aðstæður.

B. HLUTI.

Sérstakar lágmarkskröfur sem gilda um vinnustaði á byggingarsvæðum.

1. Stöðugleiki og traustleiki.

Athafnasvæði skulu vera nægilega stöðug og traust til að það hæfi notkun þeirra.

- 1.1. Mannvirki sem sett eru upp á byggingarvinnustað skulu vera stöðug og traust, að teknu tilliti til:
- fjölda starfsmanna sem vinna á þeim,
 - hámarksþunga sem þeir þurfa að geta borið og dreifingu þungans,
 - utanaðkomandi áhrifa sem kunna að verka á þá.
- 1.2. Eftirlit.
- 1.2.1. Haft skal viðeigandi eftirlit með stöðugleika og traustleika ef breyting verður á hæð eða dýpt vinnustaðar.

2. Veðurfarsleg áhrif.

- 2.1. Starfsmenn skulu varðir gegn veðurfarslegum áhrifum sem gætu haft áhrif á heilsu þeirra og öryggi.

3. Orkuveitumannvirki.

- 3.1. Orkuveitumannvirki á byggingarsvæði skulu vera undir reglulegu eftirliti og viðhaldi, einkum þau sem fá utanaðkomandi afl.
- 3.2. Slík mannvirki sem voru fyrir á byggingarsvæðinu skulu auðkennd, vera undir eftirliti og greinilega merkt með skiltum.
- 3.3. Ef rafmagnsloftlínur liggja um vinnusvæðið skulu þær, ef hægt er, annaðhvort fluttar út fyrir svæðið eða straumur um þær rofinn. Sé það ekki mögulegt skal koma fyrir hindrunum eða tilkynningum til að tryggja að ökutæki og búnaði sé haldið frá þeim.
- 3.4. Sett skulu upp hentug viðvörðunarskilti og varnarbúnaður þar sem ökutæki þurfa að aka undir rafmagnsloftlínur.

4. Neyðardyr.

- 4.1. Neyðardyr skulu opnast út.
- 4.2. Óheimilt er að læsa neyðarhurð eða festa hana þannig að hún verði ekki auðveldlega og tafarlaust opnuð af hverjum þeim sem nota þarf hana í neyð.
- 4.3. Óheimilt er að nota rennihurðir eða snúningshurðir í dyraop sem sérstaklega eru ætluð til neyðarútgöngu.

5. Loftræsting.

- 5.1. Ef loftræstikerfi er notað skal það vera í lagi og ber að sjá til þess að starfsmenn séu ekki í dragsúgi sem veldur þeim óþægindum.
- 5.2. Fjarlægja skal án tafar allar útfellingar og óhreinindi sem gætu mengað loftið og þannig stefnt heilsu starfsmanna í bráða hættu.

6. Hiti.

- 6.1. Hiti í hvíldarherbergjum, vaktstofum, herbergjum þar sem hreinlætisaðstaða er, matstofum og sjúkrastofum skal henta hinu sérstaka hlutverki slíkra vistarvera.
- 6.2. Haga ber gluggum, þakljórum og skilveggjum úr gleri þannig að áhrifa sólskins gæti ekki í of miklum mæli á vinnustað með hliðsjón af eðli starfsmennar og vinnustaðarins.

7. Dagsbirta og lýsing.

- 7.1. Á vinnustöðum skal vera svo mikil dagsbirta sem kostur er og skulu þeir einnig búnir nægilegri lýsingu til að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna.

8. Gólf, veggir og loft á vinnustöðum.

- 8.1. Á gólfum vinnustaða mega ekki vera neinar hættulegar upphækkanir, göt eða hallar, og skulu þau vera föst, stöðug og laus við hálku.
- 8.2. Yfirborð á gólfum, veggjum og loftum vinnustaða skal vera þannig að ná megi viðunandi hreinlæti með þvotti og hreinsun.
- 8.3. Gagnsæir eða hálf gagnsæir skilveggir, þar á meðal skilveggir sem eru að öllu leyti úr gleri, í vinnuherbergjum, í nágrenni vinnustaða og á leiðum er liggja að þeim eða frá skulu vera greinilega merktir og gerðir úr óbrothættu efni eða þannig fyrir komið að starfsmenn hvorki rekist á skilveggina né verði fyrir meiðslum ef þeir brotna.

9. Gluggar og þakljórar.

- 9.1. Starfsmönnum skal vera unnt að opna glugga, þakljóra og loftræstiop, stilla opnun þeirra og loka þeim án þess að hætta stafi af. Stilling þeirra má ekki valda starfsmönnum hættu þegar þau eru opin.
- 9.2. Gluggum og þakljórum skal komið þannig fyrir að hæfi hreinsibúnaði, eða útbúnir þannig að unnt sé að hreinsa þá án þess það hafi í för með sér hættu fyrir starfsmenn sem það gera eða aðra sem nærstaddir eru.

10. Hurðir og hlið.

- 10.1. Staðsetningu og fjölda hurða og hliða, stærð þeirra og efni í þeim skal miða við eðli og notkun viðkomandi herbergja eða svæða.
- 10.2. Gagnsæjar hurðir skulu merktar á viðeigandi hátt í hæfilegri hæð.
- 10.3. Snúningshurðir og hlið skulu vera gagnsæ eða með gagnsæjum spjöldum.

10.4. Ef gagnsæir eða hálf gagnsæir fletir hurða eða hliða eru ekki gerðir úr sérstöku öryggisefni og starfsmönnum getur stafað hættu af skellist hurðin eða hliðið skal verja þessa fleti gegn broti.

11. Umferðarleiðir.

11.1. Ef flutningatæki eru notuð á umferðarleiðum skal séð til þess að fótgangandi hafi fullnægjandi öryggisrými.

12. Sérstakar ráðstafanir varðandi rennistiga og færíbönd til fólksflutninga.

12.1. Rennistigar og færíbönd til fólksflutninga skulu starfa þannig að fulls öryggis sé gætt. Á þeim skal hafður nauðsynlegur öryggisbúnaður. Þeir skulu búnir neyðarbúnaði til stöðvunar, sem er auðþekktanlegur og auðvelt að komast að.

13. Stærð og loftrými herbergja.

13.1. Í vinnuherbergjum skal vera nægilegur gólfhlötur og lofthæð til að starfsmenn geti stundað vinnu sína án þess að öryggi, heilbrigði og vellíðan þeirra sé í hættu.

14. Varnir gegn fallandi hlutum.

14.1. Starfsmenn skulu varðir fyrir hættu af fallandi hlutum.

14.2. Efni og búnaði skal komið fyrir og staflað upp þannig að ekki sé hættu á að hann velti eða falli á hlið.

14.3. Ef nauðsyn krefur skulu gangvegir vera yfirbyggðir og aðgangur að hættulegum svæðum skal hindraður.

15. Fall hluta úr mikilli hæð.

15.1. Koma skal í veg fyrir með ápreifanlegum hindrunum að hlutir geti fallið úr mikilli hæð, einkum með sterkbyggðum og nægilega háum grindverkum með að minnsta kosti fótlista, grindum og handriði eða öðrum álíka búnaði.

15.2. Vinna í mikilli hæð skal að jafnaði fara fram með hjálp viðeigandi búnaðar eða með því að beita öryggisbúnaði eins og grindverkum, pöllum eða öryggisnetum. Ef ekki er hægt að nota slíkan búnað vegna eðlis verksins skal aðgangur vera greiður og nota skal öryggisfestingar eða annan festibúnað í öryggisskyni.

16. Vinnupallar - almenn ákvæði.

16.1. Vinnupallar skulu hannaðir, byggðir, notaðir og þeim viðhaldið þannig að tryggt sé að þeir falli ekki niður eða verði fyrir fallandi hlutum.

16.2. Vinnupallar, gangbrýr og stigar fyrir vinnupalla skulu þannig hannaðir, byggðir, notaðir og þeim viðhaldið, að fólk falli ekki af þeim né verði fyrir fallandi hlutum.

16.3. Vinnupallar skulu skoðaðir af einstaklingum sem hafa til þess þekkingu:

a. áður en þeir eru teknir í notkun;

b. með reglulegu millibili eftir það;

c. eftir að þeim hefur verið breytt, hafi þeir ekki verið notaðir um tíma, hafi slæmt veður geisað eða jarðskjálftar riðið yfir eða aðrar aðstæður orðið sem gætu hafa haft áhrif á styrk þeirra eða stöðugleika.

16.4. Færanlegir vinnupallar skulu festir svo þeir geti ekki hreyfst af sjálfsdáðum.

16.5. Að öðru leyti skal fara eftir gildandi reglum um röra- og hengiverkpalla og verkpalla byggða úr timbri.

17. Stigar - almenn ákvæði.

- 17.1. Öruggar og heppilega staðsettar umferðaleiðir skulu vera til vinnustöðva, á verkpöllum og í byggingum. Stigar í byggingum skulu gerðir til umferðar svo fljótt sem verða má.
- 17.2. Stigar skulu vera nægilega sterkir og vel viðhaldið. Þeir skulu notaðir á réttan hátt, á viðeigandi stöðum og í samræmi við fyrirhugaðan tilgang þeirra.

18. Fastir vinnustigar.

- 18.1. Hliðarkjálkar fastra vinnustiga úr timbri skulu vera úr völdu gallalausum efni sem er 25 mm x 100 mm til 38 mm x 125 mm, eftir hæð stigans og eðli verksins. Í þreppin má nota sömu þykktir og eru í kjálkum. Ef gert er ráð fyrir að efni sé borið upp stigann má fjarlægðin milli þrepa, frá efri brún til efri brúnar þreps, ekki vera meiri en 230 mm, en að öðrum kosti má fjarlægðin vera mest 300 mm.
- 18.2. Vinnustigar skulu vera örugglega fastir og skorðaðir við vegg eða verkpall. Þeir skulu vera með afhornuðum handlistum. Stigar sem notaðir eru til þess að komast upp á eða niður af verkpöllum eða milli gólfa í byggingunni skulu vera tengdir við gangbrú með handriði, ef þeir geta ekki legið beint að verkpalli eða gólfi.
- 18.3. Lengd vinnustiga skal fara eftir því hve hátt er á milli flata þeirra sem hann á að tengja. Þó skulu kjálkar stigans ná að minnsta kosti 1 m upp fyrir verkpalla eða gólf, þannig að þeir gefi öruggan stuðning þegar stigið er frá stiganum til verkpallsins eða gólfsins og þegar stigið er niður í stigann frá verkpallinum eða gólfinu. Verði því ekki við komið að hafa stigakjálkana svo langa skulu traustar stuðningsstoðir negldar við báða kjálkana, þannig að tilskilin hæð fáiast. Ekki mega gegnumgangandi vinnustigar vera lengri en 6 m. Þess í stað skulu stigarnir hlutaðir niður og milli hlutanna vera pallar t. d. í tengslum við verkpalla.

19. Lausir vinnustigar.

- 19.1. Lausir vinnustigar, sem notaðir eru við byggingarvinnu skulu vera af viðurkenndri gerð. Þannig skal frá lausum stigum gengið, að ekki sé hætt á að þeir velti eða skríði til.

20. Gangar, brýr og tröppur.

- 20.1. Sérhver gangur eða brú skal vera að minnsta kosti 600 mm breið og vera með þéttu og traustu fjalagólfi. Ef gangur eða brú er notuð til flutninga á efni skal breiddin vera að minnsta kosti 800 mm.
- 20.2. Allir gangar og brýr, sem eru í meira en 2 m hæð yfir jörðu eða öðrum fleti skulu vera með handriði beggja megin, sem uppfyllir kröfur sem gerðar eru um handrið.
- 20.3. Ef halli göngubrúa er meiri en 250 mm á m skulu á brúnni vera þverokar með hæfilegu millibili, sem myndi nauðsynleg þrep eða viðspyrnu. Til þess að slíkir okar hindri ekki akstur á hjólbörum má 100 mm breitt skarð vera í þá um miðja brúna.
- 20.4. Tröppur og stigapallar skulu hafa handrið á þeirri hlið sem liggur ekki að vegg.

21. Handrið.

- 21.1. Á vinnuflötum, verkpöllum, tröppum, göngubrúum o.s.frv., skal vera handrið, ef hæðin er meiri en 2 m frá jörð eða öðrum fleti og skal handrið vera alls staðar þar sem hættu getur verið á að menn falli niður. Að jafnaði skal:
- a. handrið hafa handlista sem sé í 1 m hæð frá gólfi og vera úr efni sem sé að minnsta kosti 50 mm x 125 mm, einn hnélista 500 mm frá gólfi, að minnsta kosti 25 mm x 100 mm og að minnsta kosti 150 mm háan fótlista sem sé örugglega festur á uppistöðustöðir verkpalls eða sérstakar handriðsstöðir með ekki meira en 3 m millibili.
 - b. ef sérstök hættu er á að efni falli niður skal nægilega þétt klæðning ná upp á handriðsstöðirnar t.d. borð með ekki meira en 50 mm millibili.
 - c. ef lítil eða engin hættu getur stafað af fallandi hlutum þarf ekki að krefjast fótlista.
 - d. þar sem mjög lítil hættu getur talist á því að menn falli niður þarf ekki að krefjast hnélista.

22. Málningarvinna.

- 22.1. Ef málningarvinna er framkvæmd af verkpöllum skulu þeir uppfylla gildandi ákvæði um þá. Sé vinna framkvæmd úr lausum stiga skal stiginn vera fulltraustur og þannig frá honum gengið að hann geti ekki skriðið til á undirstöðum.
- 22.2. Ef málning sem inniheldur blýhvítu er slípuð eða þegar verið er að ná burt gamalli málningu sem inniheldur blý, skal verði því mögulega við komið, væta flötinn með rykbindandi efni, t.d. olíu, málningu, vatni eða öðru sem að gagni kemur. Sé ekki hægt að nota rykbindandi efni skal við framangreinda vinnu, svo og við að hræra þurra blýhvítu eða menju nota rykgrímu fyrir smágerð ryk af viðurkenndri gerð.
- 22.3. Ef notuð er málning sem í er rokkgjarnt þynningarefni eða uppleysiefni, samanber lög um eitrefni og hættuleg efni, skal gæta þess að á vinnustaðnum sé góð loftræsting.
- 22.4. Þegar unnið er við málaravinnu í geymum, hylkjum eða litlum klefum skal koma fyrir sérstakri loftræstingu eða nota ferskloftgrímu eða grímu með viðeigandi síu.
- 22.5. Við sprautumálun skal fara eftir reglum um öryggisráðstafanir við sprautumálun.

23. Gluggavinna.

- 23.1. Ef gerð glugga er þannig, að ísetning á rúðum og ræsting verði ekki framkvæmd á þann hátt, að sá sem verkið framkvæmir standi inni í húsinu eða í traustum stiga skal nota öryggisbelti af viðurkenndri gerð og líflínu eða stuðningsreim, sé starfshæð yfir 2 m. Líflínuna skal festa þannig að festingin haldi örugglega. Verði vinnan ekki framkvæmd úr stiga eða með því að nota öryggisbelti, skal gera aðrar ráðstafanir, sem veita álíka öryggi við vinnuna.
- 23.2. Lausir stigar skulu vera fulltraustir og þannig frá þeim gengið að öruggt sé að þeir skriki ekki á undirstöðum.
- 23.3. Ef verkpallar eru notaðir skulu þeir uppfylla gildandi ákvæði um þá.

24. Lyftitæki.

- 24.1. Öll lyftitæki og fylgibúnaður, þar með taldir íhlutar, tengingar, festingar og stöðir skulu:

- a. vel hönnuð og byggð og nægilega sterk til þeirra nota sem þeim er ætlað;
 - b. rétt sett upp og notuð;
 - c. vera í góðu ástandi;
 - d. vera undir eftirliti og sett í regluleg próf og skoðanir samkvæmt gildandi reglum;
 - e. vera undir stjórn hæfra starfsmanna sem hafa hlotið viðeigandi þjálfun.
- 24.2. Á öllum lyftitækjum og aukabúnaði skal koma greinilega fram hámarkslyftigetna þeirra.
- 24.3. Lyftitæki og aukabúnað má ekki nota til annarra verka en honum eru ætluð.

25. Ökutæki, gröfur og vélar til efnisvinnslu.

- 25.1. Öll ökutæki, gröfur og vélar til efnisvinnslu skulu:
- a. vel hönnuð og byggð með hliðsjón af vinnuvistfræðipáttum eftir því sem tók eru á;
 - b. vera í góðu ástandi;
 - c. notuð á réttan hátt.
- 25.2. Ökumenn og stjórnendur ökutækja, grafa og véla til efnisvinnslu skulu hafa gengist undir viðeigandi þjálfun.
- 25.3. Gera skal forvarnarráðstafanir til að tryggja að ökutæki, gröfur og vélar til efnisvinnslu falli ekki niður í gryfjur eða vatn.
- 25.4. Þar sem við á skal útbúa ökutæki, gröfur og vélar til efnisvinnslu með öryggishúsi eða öryggisgrind til að vernda ökumann ef vélin veltur og gegn fallandi hlutum.

26. Mannvirki, vélar og búnaður.

- 26.1. Mannvirki, vélar og búnaður, þar með talin handverkfæri, hvort sem þau eru vélknúin eða ekki, skulu:
- a. vera vel hönnuð og byggð með hliðsjón af vinnuvistfræðipáttum eftir því sem tók eru á;
 - b. vera í góðu vinnufæru ástandi;
 - c. eingöngu notuð við þá vinnu sem þau voru hönnuð til;
 - d. vera undir stjórn starfsmanna sem hlotið hafa viðeigandi þjálfun.
- 26.2. Mannvirki og búnaður sem er undir þrýstingi skal vera undir eftirliti og prófaður og skoðaður reglulega í samræmi við gildandi reglur.

27. Uppgröftur, vinna við brunna, neðanjarðarvinna, gangagerð og jarðvegsvinna.

- 27.1. Gera skal viðeigandi varúðarráðstafanir við uppgröft, vinnu við brunna, neðanjarðarvinnu og gangagerð:
- a. og nota viðeigandi undirstöður eða varnargarða;
 - b. til að koma í veg fyrir hættu á að fólk, efni eða hlutir falli eða að flóð verði;
 - c. til að sjá fyrir nægilegri loftræstingu við alla vinnustaði til að tryggja að andrúmsloft sem starfsmenn anda að sér sé ekki hættulegt eða skaðlegt heilsu þeirra;
 - d. til að tryggja að starfsmenn komist í öruggt skjól ef eldsvoði verður eða ef vatn eða efni streymir inn á vinnustað.
- 27.2. Áður en uppgröftur hefst skal gera ráðstafanir til að kanna hættu vegna neðanjarðarkapla og annarra dreifikerfa svo hægt sé að draga eins mikið og mögulegt er úr hættu sem af þeim stafar.
- 27.3. Sjá skal fyrir öruggum leiðum inn í og út úr uppgrafarstaðnum.

- 27.4. Jarðefnahrúgur, efni og ökutæki á ferð skulu ekki vera á uppgrafarstaðnum; viðeigandi hindranir skulu byggðar ef þörf krefur.

28. Niðurrif bygginga og byggingahluta.

- 28.1. Niðurrifi bygginga skal stjórnað af til þess hæfum manni. Vinna þessi skal framkvæmd á þann hátt að sem minnst hætta stafi af. Sé talið að um nokkra hættu geti verið að ræða skal girða vinnusvæðið af eða setja vörð í nánd við hættustaðinn.
- 28.2. Áður en byrjað er á niðurrifi byggingar skal gæta þess að taka rafstraum af leiðslum sem hætta getur verið á að starfsmenn komist í snertingu við.
- 28.3. Verkpallar, sem kunna að vera notaðir við niðurrif bygginga skulu uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til byggingaverkpalla.
- 28.4. Borðaviður og annað timbur sem í eru útistandandi naglar skal nagldragast eða naglar þess hnykkir strax eftir að efnið hefur verið losað.
- 28.5. Starfsmenn skulu nota viðeigandi persónuhlífar við niðurrif bygginga og byggingahluta.

29. Burðarvirki úr málmum og steinsteypu, múrhúðum og forsmíðum hlutum.

- 29.1. Burðarvirki úr málmum eða steinsteypu og íhlutar þeirra, múrhúðaðir hlutar, forsmíðaðir hlutar, bráðabirgðaundirstöður eða styrktarstöðir skulu eingöngu byggðar og teknar niður undir yfirstjórn einstaklings sem er til þess hæfur.
- 29.2. Gera skal nægilegar varúðarráðstafanir til að vernda starfsmenn gegn hættum sem stafa af bráðabirgðamannvirkjum og veikbyggðum eða óstöðugum byggingum.
- 29.3. Múrhúð mannvirki, bráðabirgðaundirstöður og styrktarstöðir skulu hannaðar, byggðar og haldið við á þann hátt að þær þoli það álag sem þær kunna að verða fyrir.

30. Sökkviker og þrýstiklefar.

- 30.1. Öll sökkviker og þrýstiklefar skulu:
- vera vel smíðaðir úr viðeigandi og gegnheilum efni sem er nægilega sterkbyggt;
 - hafa viðeigandi búnað til að starfsmenn komist í skjól ef vatn eða efni þrýstist inn.
- 30.2. Bygging, uppsetning, breyting eða sundurtaka sökkvikerja eða þrýstiklefa skal eingöngu vera framkvæmd af einstaklingi sem er til þess hæfur.
- 30.3. Öll sökkviker og þrýstiklefar skulu reglulega skoðuð af aðila sem er til þess hæfur.

31. Vinna á þökum.

- 31.1. Ef framkvæma skal vinnu á þaki, sem vegna halla þaksins, áferðar þakflatarins eða vegna veðurskilyrða getur orsakað það, að starfsmenn falli niður, má ekki hefja vinnuna fyrir en nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafa verið gerðar, svo ekki sé hætta á, að menn eða efni falli niður. Nauðsynlegt getur verið að reisa verkpalla við slíka vinnu til að fyrirbyggja hættu eða setja upp annan öryggisbúnað.
- 31.2. Þurfi starfsmenn að vinna á eða nálægt þaki eða öðru yfirborði sem klædd eru með efni með litlu burðarþoli skal gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja að þeir gangi ekki óviljandi út á hinn ótrausta flöt, eða falli til jarðar.

- 31.3. Ef þak er hátt eða halli þess meiri en 34° (2:3) má einungis fela þeim einum að vinna á útköntum þaksins, sem vitað er, að til þess eru hæfir. Þegar vinna er framkvæmd við slíkar aðstæður skal koma fyrir nægjanlega traustu 0,6 m breiðu (mælt hornrétt frá þakinu) öryggisbretti við þakbrúnina, eða koma fyrir upp undir þakskegginu 0,4 m breiðum vinnupalli með 0,6 m háu hliðarbretti og nægilega vel festum þakvinnustigum.
- 31.4. Verði slíkum eða a.m.k. jafntryggum öryggisbúnaði ekki komið við skal hver starfsmaður sem á þaki vinnur hafa öryggisbelti með lás í líflínu af viðurkenndri gerð. Líflínan skal fest á öruggan hátt í fastan hluta byggingarinnar.
- 31.5. Efni og verkfæri skal þannig lagt á þakið, að það renni ekki né hætta sé á að það geti fokið niður af þakinu.
- 31.6. Á flötum þökum upp í allt að 5 m hæð yfir jörðu má draga úr öryggisráðstöfunum, ef aðrar kringumstæður leyfa.
- 31.7. Þegar þaksperrur eru reistar skal gæta fyllstu varúðar og skorða eða festa vandlega þær sperrur sem búið er að reisa, svo ekki sé hætta á að vindur feyki þeim um.

32. Hlífðarþök.

- 32.1. Þar sem mikil hætta er á að efni eða verkfæri geti fallið niður, svo sem yfir inngöngudyrum, flutningaleiðum og vinnustöðvum við eða í byggingum, skal vera traust hlífðarþak. Slíkt hlífðarþak skal a.m.k. vera úr 25 mm borðum þétt lögðum eða 18 mm borðum sköruðum. Hlífðarþak yfir dyrum eða umferðaleiðum til bygginga eða öðrum opum í veggjum skulu vera rétt ofan við dyr eða op og ná að minnsta kosti 2 m út frá vegg eða ekki minna en 0,5 m út fyrir ytri brún verkpalls. Breidd hlífðarþaks skal að minnsta kosti vera 0,5 m út fyrir beggja megin.
- 32.2. Ef hæð frá vinnufleti til jarðar við byggingu er ekki meiri en 5 m þarf ekki að hafa hlífðarþak, ef aðrar kringumstæður auka ekki hættuna.
- 32.3. Fastir vinnustaðir við byggingar svo sem járnaborð, vinnuborð o.s.frv. skulu vera með hlífðarþaki yfir, nema gerðar séu aðrar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að hlutir falli niður á þá sem þar vinna.
- 32.4. Sé nýbygging á stað þar sem teljandi umferð er, skal byggingarstaðurinn afgirtur með traustu grindverki, sem hvergi sé nær útveggjum byggingarinnar en 5 m, verði því við komið. Innan þeirrar girðingar má einungis geyma það sem notað er til byggingarinnar, svo sem timbur, járn, stiga o. þ. h.

33. Göt í gólfum, veggjum og vinnupöllum.

- 33.1. Sérhvert gat í vegg, sem hætta getur verið á, að menn falli út um skal vera umgirt fullnægjandi vörnum.
- 33.2. Öll göt í gólfum og vinnupöllum, sem hætta getur verið á að menn falli niður um skulu vera umgirt handriði sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til handriða, eða hleri settur yfir gatið. Ef gati er lokað með hlera skal hann annað hvort negldur fastur eða á hann negldir okar, sem skorða hann fastan.
- 33.3. Ekki má loka götum í gólfum eða vinnupöllum með lausum borðum, plönkum, plötum, hurðum eða öðru líku.
- 33.4. Hlífðarbúnaður við göt má ekki taka burt nema nauðsynlegt sé vegna umferðar eða flutnings á efni um gat og skal hlífðarbúnaði strax komið fyrir á ný þegar slíku er lokið.

- 33.5. Meðan gat er opið eða óvarið vegna flutnings eða umferðar, en sem annars er lokað eða með hlífðargrindum, skal vörður vera við það til þess að aðvara þá, sem kunna að eiga leið þar um, sem gatið er.
- 33.6. Þegar unnið er á bitum í byggingum skal á bitana lagt fjalargólf fyrir starfsmenn til að hafast við á. Ef göngubrýr eru lagðar á gólfbita skal vera handrið á þeim.
- 33.7. Þegar unnið er á verkpöllum í meira en 2 m hæð frá jörðu skal verkpallurinn vera með þéttklæddu gólfi og handriði. Við opnar hliðar á húsum skal setja sams konar handrið, þó nægir hindrun með einni langslá, ef ekki er verið að vinna við vegg hússins.
- 33.8. Sé vinna utanhúss þess eðlis að handrið verði til hindrunar við vinnuna skal koma fyrir öryggispalli sem sé 2 m breiður og hafi 30° halla upp á við. Pallur þessi má ekki vera meira en 6 m fyrir neðan vinnustaðinn.
- 33.9. Ef hætta getur verið á að menn falli niður og handriðum eða öryggispöllum verði ekki komið við skulu starfsmenn hafa öryggisbelti með stillanlegum lás af viðurkenndri gerð. Líflínan skal vera örugglega fest fyrir ofan starfsmanninn verði því mögulega við komið.

34. Steypumót.

- 34.1. Steinsteypumót og undirsláttur undir steinsteypugólf skulu vera úr til þess hæfu efni, hafa nægan styrkleika og rétta samsetningu. Uppsláttur steypumóta skal eingöngu framkvæmdur af mönnum sem hafa til þess næga þekkingu.
- 34.2. Ekki má rífa niður steypumót eða uppslátt undan loftum fyrir en fulltryggt er að steypan hafi náð nægilegri hörku og þá einungis samkvæmt fyrirmælum ábyrgs byggingarmeistara eða umboðsmanns hans.
- 34.3. Ef fastir verkpallar eru ekki við hús og þess óskað að framkvæma vinnu af hreyfanlegum hengiverkpöllum, má einungis nota til þess palla sem uppfylla gildandi kröfur í reglum um hengiverkpalla.

C. HLUTI.

Flytjanlegt starfsmannahúsnæði sem notað er í þéttbýli.

1. Gildissvið.

- 1.1. Ákvæði þessa hluta gilda um flytjanlegt starfsmannahúsnæði, fyrir vinnustaði innan þéttbýlis, þar sem 2 menn eða fleiri sinna störfum um afmarkaðan tíma, sem er lengri en ein vinnuvika, utan fastrar starfsstöðvar fyrirtækisins sem þeir eru ráðnir hjá, enda sé ekki séð fyrir starfsmannaáðstöðu með öðrum fullnægjandi hætti.

2. Skilgreining.

- 2.1. Flytjanlegt starfsmannarými er í reglum þessum samheiti fyrir húsnæði, sem ekki er sett niður á varanlegar undirstöður og ætlað til flutninga á vöruflutningabílum eða til að draga á milli vinnustaða.
- 2.2. Starfsmannarýmið skiptist í:
 - A. Búningsherbergi, fatahengi, fataskápa og þurrkaðstöðu.
 - B. Snyrtiherbergi, salerni og þvagstæði.
 - C. Matstofur og kaffistofur.Geymslustaður verkfæra og byggingarefnis skal vera utan starfsmannarýmis.

3. Byggingarlýsing.

- 3.1. Yfirborð innanstokksmuna, innréttinga, veggja, gólfs og lofts skal vera í ljósum litum og úr efnum, sem auðvelt er að þrifa.
- 3.2. Gólf, loft og veggi skal einangra í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar, nema hvað varðar þykkt einangrunarefna.
- 3.3. Lýsing og loftræsting skal vera nægjanleg að mati Vinnueftirlits ríkisins.
- 3.4. Stærð glugga skal vera samsvarandi 10% af gólfleti herbergisins. Í þeim skal vera tvöfalt gler og opnanlegt fag sem er a.m.k. 1/4 af heildarstærð gluggans.
- 3.5. Hitastig skal að jafnaði miða við 18°C. Upphitun er veldur mengun eða annarri óhollustu er óheimil.
- 3.6. Starfsmannarýmið skal vera á hagkvæmum stað með hliðsjón af vinnustað. Nái starfsemin yfir mikið flatarsvæði skal starfsmannarýminu komið fyrir sem næst miðsvæðis ef ekki er kostur á að skipta því í einingar sem koma má fyrir í grennd við vinnustaðina.
- 3.7. Þurrkaðstaða fyrir votan vinnufatnað og geymsla fyrir óhreinan skófatnað má ekki vera í matstofu.
- 3.8. Greiður aðgangur skal vera að salerni og snyrtingu sem þó skal aldrei vera í beinu sambandi við matstofu.
- 3.9. Ekki má vera beinn inngangur af útisvæði og inn í mat- og kaffistofu, heldur skal ávallt gera ráð fyrir forrymi eða anddyri fyrir framan.
- 3.10. Í tengslum við hvern vinnustað skal gera ráð fyrir sérstöku rými, eða ræstiskáp, þar sem nauðsynlegum búnaði til ræstingar er komið fyrir.

4. Stærðir starfsmannarýmis.

- 4.1. Lágmarksstærð flytjanlegs starfsmannarýmis er 7m² að innanmáli.
- 4.2. Meðalhæð frá gólfi má ekki vera minni en 2,2 m og minnsta breidd skal vera 2,2 m.
- 4.3. Viðmiðunarstærðir:

Matstofa	1,2 m ² á mann.
Búningsherbergi	0,6 m ² á mann.
Þvottaðstaða	0,2 m ² á mann.
Þurrkaðstaða	0,2 m ² á mann.
Salerni	1,2 m ² á mann.

5. Búnaður.

- 5.1. Í matstofu skulu vera sæti með baki. Matborð skal vera minnst 0,6 m á breidd og 0,6 m skal ætla á mann við langhlið borðsins.
- 5.2. Skápar skulu gerðir úr hentugu efni sem gott er að þrifa. Þeir skulu vera með loftræstiopum að ofan og neðan og með hillu. Hæfileg stærð skápa telst 0,5 x 0,3 m að þverflatarmáli. Fjarlægð milli hillu og botns skal vera minnst 1,5 m en milli hillu og lofts minnst 0,2 m að framan en loftið sé helst með 20° til 30° halla upp að bakhlið frá framhlið skáps ef hann nær ekki til lofts í herbergi. Skáparnir skulu vera læsanlegir. Sé um fatahengi að ræða skulu starfsmenn eiga aðgang að læstri hirslu undir persónuleg verðmæti sín.
- 5.3. Í matstofum skal gera ráð fyrir ákveðnum lágmarksbúnaði s.s. eldhúsvaski, hitunartæki, kæliskáp, skápum, hillum, borðum og stólum með baki.

V. VIÐAUKI

Aðrar gildandi reglur, reglugerðir og leiðbeiningar sem fara ber sérstaklega eftir á byggingarvinnustöðum, eftir því sem við á:

- Reglur og leiðbeiningar um röraverkpalla,
- Reglur og leiðbeiningar um hengiverkpalla,
- Reglur um timburverkpalla,
- Reglur um heftibyssur,
- Reglur um naglabyssur,
- Reglur og leiðbeiningar um öryggisráðstafanir við vinnu í lokuðu rými,
- Reglur um notkun persónuhlífa,
- Reglur um öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum,
- Reglugerð um starfsmannabústaði og starfsmannabúðir,
- Reglur um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar,
- Reglur um hávaðavarnir á vinnustöðum og heyrnareftirlit starfsmanna,
- Reglur um vélar og tæknilegan búnað,
- Reglur og leiðbeiningar um öryggisbúnað véla,
- Reglur um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar,
- Reglur um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja,
- Reglur um asbest,
- Reglur um réttindi til að stjórna vinnuvélum,
- Reglur um tilkynningu vinnuslysa,
- Reglur um varnir gegn loftmengun við málmsuðu,
- Reglur um skráningu og skoðun farandvinnuvéla og vinnuvéla,
- Reglur um vélar og búnað á byggingarsvæðum,
- Reglur um vottun og merkingar á stálvírum, keðjum og krókum,
- Reglur um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum,
- Leiðbeiningar um jarðgangagerð,
- Leiðbeiningar um hávaða á vinnustað,
- Leiðbeiningar, varúð - lífræn leysiefni,
- Leiðbeiningar um starfsmannarými,
- Leiðbeiningar um rétta líkamsbeitingu,
- Leiðbeiningar um færanlegar vinnulyftur,
- Leiðbeiningar um öryggisráðstafanir við uppsetningu steyptra eininga,
- Leiðbeiningar um öryggi við skurðgröft og gryfjur,
- Leiðbeiningar um lausa stiga, tröppur og búkka,
- Leiðbeiningar um öryggi við málmsuðu,
- Leiðbeiningar um öryggi við málun, lökkun og límingu,
- Leiðbeiningar um stálvíra,
- Leiðbeiningar um klemmur, pressaða hólka og endafestingar stálvíra,
- Leiðbeiningar um stálvíra, tóg og kaðla og annan ásláttarbúnað.